

EYÞING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum -

Strandgötu 29 • Pósthólf 240 • 602 Akureyri • Sími 96-12733 • Bréfasími 96-12729 • Kt. 561192-2199

Akureyri, 6. desember 1994

Alþingi

Menntamálanefnd Alþingis
Ágústa H. Lárusdóttir
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Erindi nr. B 118 /491

komudagur 13 /12 1994

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 126. mál.


Stjórn Eypings vísar til umsagnar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið, sem hún gerir í meginatriðum að sinni.

Stjórnin vill þí ítreka sérstaklega nokkur atriði:

1. Áður en ný lög um grunnskóla verða samþykkt þarf að nást fullt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir öllum þeim aukna kostnaði er af yfirtökunni leiðir og ganga frá jöfnunaraðgerðum til að mæta vanda sveitarfélaga sem yfirtaka hlutfallslega háan grunnskólakostnað.
2. Áður en ný lög um grunnskóla verða samþykkt þarf að nást fullt samkomulag milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, þ.m.t. meðferð lífeyrisréttinda.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir yfirtöku sveitarfélaganna á kostnaðarsömum verkefnum, sem ekki hafa fengið nægilegt fjármagn frá ríki á undanförunum árum. Í ljósi fjárhagsstöðu ríkis og sveitarfélaga og einnig þess, að fyrir liggur, að núgildandi lög um grunnskóla hafa ekki verið framkvæmd að fullu, telur stjórnin óhjákvæmilegt að Menntamálanefnd skoði gaumgæfilega hvort öll þau markmið og nýmæli sem sett eru í frumvarpið séu raunhæf.
4. Stjórn Eypings telur að koma þurfi skýrt fram í lögum (sbr. 4. gr.) að sveitarfélögum sé ekki skylt að sjá nemendum fyrir máltíðum í skólanum, heldur einungis aðstöðu til að neyta matar.
5. Æskilegt er að sveitarstjórnir hafi svigrúm vegna framkvæmdar skólahalds og því ekki ástæða til að setja inn frekari ákvæði en þegar eru í frumvarpinu. Þannig kemur það t.d. ekki í veg fyrir heilsdagsskóla þó slíkt ákvæði verði ekki í lögum.

Stjórn Eypings telur sveitarfélögin í landinu full fær um að axla þá ábyrgð sem leiðir af yfirlærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Stjórnin leggur hinsvegar áherslu á að málið er margþætt og mikil undirbúningsvinna óunnin. Þeirri vinnu verður að ljúka áður en samþykkt frumvarpsins getur átt sér stað.

F.h. stjórnar Eypings,


Hjalti Jóhannesson, framkv.stj.